



Ársskýrsla 2014-2015



LANDVERND

Efnisyfirlit

- Traustar stoðir og sterk ímynd | 3
- Aukin jákvæðni í garð Landverndar | 3
- Stærsta baráttumálið: Miðhálandið | 4
- Umhverfismenntaverkefni FEE: Grænfáninn, Bláfáninn og Græni lykillinn | 6
- Rammaáætlun í uppnámi | 8
- Engar raflínur í jörð? | 8
- Nýtt umhverfismat raflínu að Bakka | 9
- Áfangasigur við Mývatn | 9
- Vistheimt með skólum á Suðurlandi | 10
- Útgáfa bókarinnar *Að lesa og lækna landið* | 11
- Framfylgd Árósasamningsins héraendis | 11
- Saman gegn matarsóun | 12
- Loftslagsmál með sveitarfélögum | 13
- Náttúruvernd á háhitasvæðum | 13
- Stjórn Landverndar 2014-2015 | 14
- Starfsfólk og starfsnemar Landverndar 2014-2015 | 14
- Í lið með Landvernd | 15
- Umsagnir, kærur og dómsmál | 16
- Fundir | 17
- Fjölgun dómsmála | 18
- Aukin umfjöllun og áhugi á starfsemi Landverndar | 18
- Fallið frá náttúrupassa | 19
- Áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar 2014-2015 | 19
- Sprengisandslína og Sprengisandsvegur | 20
- Paradísarmissir verður paradísarheimt | 21
- Rekstrar- og efnahagsreikningur 2014 | 22
- Stiklur úr starfi Landverndar | 23

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Innan Landverndar eru 43 aðildarfélög um allt land en auk þess eru um 3.800 einstaklingar skráðir félagar. Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 9. maí 2015.

Mynd á forsíðu: Kýlingar í Friðlandi að Fjallabaki, vinningsmynd Roars Aagestads í ljósmyndaleik Hjarta landsins. Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa | www.blekhonnun.is
Prentun: Guðjón Ó, vistvæn prentsmiðja.

Traustar stoðir og sterk ímynd

Á undanföllum árum hefur traustum stoðum verið skotið undir rekstur Landverndar. Félagsmönnum hefur fjölgað úr 500 í 3.800 á fjórum árum. Þar af leiðandi hafa tekjur af félagsgjöldum hækkað úr rétt rúmum tveimur milljónum króna árið 2011 í níu milljónir á liðnu ári. Tekjur af verkefnastyrkjum hafa á sama tíma aukist úr rúmum tuttugu milljónum í fjörutíu milljónir samhliða því að langtímaverkefnum Landverndar hefur fjölgað úr þremur í átta. Þetta hefur gert það að verkum að um tíu milljóna króna afgangur hefur orðið af rekstri Landverndar undanfarin fjögur ár. Rekstur Landverndar er því í góðu horfi og samtökin eiga borð fyrir báru.

Í ársbyrjun hóf stjórn Landverndar að greina styrkleika og veikleika samtakanna og kannaði m.a. viðhorf félagsmanna til þeirra. Greinilegt er að félagsmenn kunna að meta fagmennsku í starfsemi, öflugt fræðslustarf, bættu ímynd, sterka málefnalega stöðu og aukna þátttöku fulltrúa samtakanna í opinberri umræðu. Um ímynd Landverndar er það að segja að 20% aðspurðra nefndu Landvernd þegar Gallup spurði hvaða umhverfisverndarsamtök þeir þekktu. Það eru tvöfalt fleiri en nefndu þau samtök sem næst koma og tvöfalt fleiri en nefndu Landvernd í sams konar könnun fyrir þremur árum. Þá sögðust 56% jákvæð í garð samtakanna en 65% nú. Þá hefur vinum Landverndar á facebook fjölgað úr 900 árið 2011 í 6.000 nú. Það er síðan til vitnis um sterka málefnalega stöðu að Landvernd sendi 25 umsagnir frá sér á starfsárinu, stefndi Landsneti fyrir dómstóla og er með mál fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu.

Þar að auki hefur starfsfólk Landverndar setið um tuttugu fundi með þingnefndum og haldið um 200 fyrirlestra um margvísleg málefni á nýliðnu starfsári. Tölur Fjölmíðlavaktarinnar staðfesta svo aukinn áhuga fjölmíðla á starfi Landverndar. Árið 2010 var fjallað um Landvernd í 35 fréttum og greinum en þremur árum seinni hafði fjölmíðlaumfjöllunin tífaldast.

Aukin jákvæðni í garð Landverndar

Flestir aðspurðra, eða rúm 20%, nefndu Landvernd í könnun Capacent þegar spurt var hvaða íslensku umhverfisverndarsamtök þeir þekktu. Talsvert fleiri nefna Landvernd nú en í samskonar könnun árið 2012, en þá voru það 10%.


Afstaða aðspurðra til Landverndar í könnun Capacent árið 2012 og 2015.
Spurt var: Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ertu gagnvart Landvernd?

Stjórn Landverndar hefur áfram lagt áherslu á að efla samstarf við önnur félög og mynda öflug bandalög. Hjarta landsins hefur t.d. orðið samstarfsvettvangur Landverndar, Ferðaklúbbsins 4x4 og útivistarfélaga. Á sama tíma og þessi félög hafa sameinast um kröfuna um að hálandinu verði hlíft við stórfamkvæmdum hafa klæði verið borin á vopnin í gömlum deilum. Þannig hefur okkur borið gæfa til að sá ekki fræjum í akur óvinarins – skemmta ekki skrattanum. Okkur hefur einnig borið gæfa til að byggja brú yfir til stóru stéttarfélaganna og vonandi er þá köldu stríði þeirra og náttúruverndarsinna frá tímum Kárahnjúka-deilunnar lokið. Náttúruverndarhreyfingin og útivistarfélög efndu til grænnar göngu 1. maí 2014 í samstarfi við stéttarfélagin þar sem þess var krafist að almenningur hefði áfram frjálstan aðgang að náttúru Íslands og að almennarétturinn yrði virtur. Þetta samstarf skilaði þeim árangri að nú hefur ríkisstjórnin horfið frá tillögum um nýjan skatt á almenning í formi náttúrupassa. Í vor boðaði Landvernd svo til málþings um auðlindamál með góðum stuðningi ASÍ og BSRB þar sem fjallað var um nýtingu auðlindanna, eignarhald og skiptingu auðlindaarðsins. Vonandi var sá fundur aðeins upphafið að nánara samstarfi Landverndar og stéttarféлага um grundvallarspurningar er varða auðlindir Íslands.



Sterk málefnaleg staða Landverndar og öflugt starf hefur gefið sífellt fleirum kraft og þor til að taka undir með málstað náttúruverndarhreyfingarinnar. Við höfum auðvelað öðrum að gerast háværir talsmenn hófsemdar.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar.



Viðhorf til Landverndar 2012

Viðhorf til Landverndar 2015

Stærsta baráttumálið: Miðhálandið

Haustið 2013 hleypti Landvernd af stokkunum verkefninu *Hálendið – hjarta landsins*. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á fyrirhuguðum framkvæmdum á hálendi Íslands og mikilvægi þess að vernda það. Nú hafa safnast tæpar 9.000 undirskriftir frá 77 löndum til stuðnings kröfu Landverndar um að hlífa hálendinu. Ferðafélag Íslands, Útivist, Ferðaklúbburinn 4x4 og Samtök útivistarfélaga eru aðilar að verkefninu. Að baki þessum félögum standa um 30.000 manns. Vefur verkefnisins hefur slóðina hjartalandsins.is og á ensku heartoficeland.org.

Ljósmyndaleikur Hjarta landsins

Í september 2014 var ljósmyndaleik Hjarta landsins hrundið af stað þar sem ætlunin var að finna fegurstu myndina af hálendi Íslands. Um 200 einstaklingar sendu inn fjölda mynda. Roar Aagestad bar sigur úr þytum með mynd sinni af Kýlingum í Friðlandi að Fjallabaki og prýðir hún forsíðu ársskýrslu Landverndar að þessu sinni.



Kristján Kristinsson hreppti annað sætið í ljósmyndaleik Hjarta landsins fyrir mynd af Uxahryggjum.

Paradísarmissir? Hálendishátíð í Háskólabíó


Haldin var hátíð til verndar hálendi Íslands í Háskólabíói þann 16. apríl þar sem rúmlega 1300 manns mættu til að sýna málefniinu stuðning í verki. Ótalin er sá hópur sem fylgdist með beinni útsendingu frá hátíðinni á veraldarvefnum. Fluttar voru ræður í bland við tónlistartriði og örviðtöl á myndbandsformi sýnd.



Jón Hilmarsson lenti í þriðja sæti í ljósmyndaleik Hjarta landsins með mynd sína af Aldeyjarfossi.

Yfir 60% hlynnt þjóðgarði

Í könnun sem Gallup gerði fyrir Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands í mars sl. sögðust rúm 60% aðspurðra á þeirri skoðun að stofna ætti þjóðgarð á miðhálandinu. Einungis 12% voru andvíg hugmyndinni. Stuðningur almennings við þjóðgarð, sem er þvert á stjórnmálaflokka, hefur aukist um rúm 5 prósentustig frá sambærilegri könnun í október 2011.



Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands?



Roar Aagestad hreppti flug yfir hálendið með Ómari Ragnarssyni í verðlaun fyrir vinningsmyndina í ljósmyndaleikum. Myndin prýðir forsíðu ársskýrslunnar.



Áform um framkvæmdir á miðhálandi Íslands á næstu árum.

Valkostir um framtíð hálendisins

Orkufyrirtækin hafa óskað eftir um 15 nýjum virkjunum á miðhálandinu, Landsnet vill reisa háspennulínu í lofti yfir Sprengisand og hugmyndir eru um uppbyggða vegi yfir Kjöl og Sprengisand. Þessar framkvæmdir hefðu óafturkræf áhrif á sérstöðu miðhálandisins sem lítt snortins víðernis með einstöku landslagi. Valkostirnir eru því skýrir: Að hlífa hálendinu og vernda það eða leyfa þessar framkvæmdir. Samstaða um vernd hálendisins er því gríðarlega mikilvæg.

Samstarf við Náttúruverndarsamtökin

Hálendisverkefni Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands var hleypt af stokkunum í upphafi árs 2015. Verkefnið, sem er stutt af Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar og Gætum garðsins, hefur það meginmarkmið að skapa almenna samstöðu, eftirspurn og kröfu um varanlega vernd miðhálandis Íslands sem einnar skipulagsheildar. Hálendisverkefnið fellur því vel að Hjarta landsins. Lögð er áhersla á þrjá þætti: Að afla stuðnings við vernd miðhálandisins, þekkingaröflun og miðlun þekkingar um virði miðhálandisins.


Málþing, stjórnmálhátíð og ráðstefna

Fyrsta árið verður þekkingaröflun og viðburðir áberandi í hálendisverkefninu. Málþing um virði og verndun miðhálandisins verður haldið í maí og alþjóðleg ráðstefna um framtíð hálendisins í lok árs. Horft verður til náttúrufarslegs og efnahagslegs gildis svæðisins, með áherslu á mikilvægi þess fyrir útivistarfólk og ferðaþjónustu. Þá taka Landvernd og Náttúruverndarsamtökin þátt í Stjórnmálhátíð í Vatnsmýrinni í júní þar sem aðgerðastefna verður sérstaklega rædd.

Steinar Kaldal er verkefnisstjóri hálendisverkefnisins, en auk hans vinnur Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir að verkefninu.

Mikil andstaða við Sprengisandslínu

Í könnun Gallup í mars sl. sögðust 43% aðspurðra vera andvíg háspennulínu yfir Sprengisand, en eingöngu 25% styðja slík áform. Andstaðan við háspennulínu yfir Sprengisand hefur því aukist um 7,5 prósentustig frá sambærilegri könnun sem var gerð árið 2012 og stuðningur við áformin að sama skapi dregist saman.



Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að lögð verði háspennulína yfir hálendið um Sprengisand?

Umhverfismenntaverkefni FEE: Grænfáninn, Bláfáninn og Græni lykillinn

Foundation for Environmental Education (FEE) eru alþjóðleg samtök um umhverfismennt sem stofnuð voru árið 1981. Markmið samtakanna er að stuðla að sjálfbærni í gegnum menntun af ýmsu tagi. Aðeins frjáls félagasamtök geta gerst aðildarfélög FEE og rekið umhverfismenntaverkefni samtakanna sem eru fimm talsins. Félagasamtök í 67 löndum eiga aðild að FEE.

Landvernd gerðist aðildarfélag FEE árið 2000 og rekur þrjú verkefnanna hér á landi, þ.e. Skóla á grænni grein (Grænfánann) frá árinu 2001, Bláfánann frá 2002 og Græna lykilinn, sem bættist í hópinn í janúar 2015. Önnur verkefni sem FEE starfrækir en eru ekki rekin hér á landi eru Skógaverkefni og Ungir umhverfisblaðamenn.

Skólar á grænni grein - Grænfáninn

Skólar á grænni grein – Grænfánaverkefni Landverndar er alþjóðleg umhverfisviðurkenning fyrir skóla með það að markmiði að efla menntun til sjálfbærni á öllum skólastigum. Verkefnið er rekið í 60 löndum um allan heim og eru yfir 15 milljónir nemenda í 46 þúsund skólum þátttakendur í verkefninu, sem gerir það að stærsta verkefni sinnar tegundar í heiminum.

Skólar á grænni grein 2014-2015

Í lok þessa starfsárs voru 238 skólar skráðir í verkefnið hér á landi á 213 starfsstöðvum. Þar af flögguðu 161 skóli Grænfánannum, viðurkenningu verkefnisins sem skólar hljóta eftir að hafa uppfyllt sjö skref verkefnisins og farið í úttekkt Landverndar. Vegna sameiningar skóla virðist þátttakendum fækka í verkefninu, en þeim hefur í reynd fjölgað sé litið til fjölda starfsstöðva. Heildarfjöldi nemenda í verkefninu hérlendis voru rúmlega 45 þúsund og heildarfjöldi kennara um 5000. Verkefnið hefur því vaxið hratt, en á fyrsta starfsári verkefnisins hér á landi, árið 2001, voru 12 skólar skráðir til leiks og flögguðu þrjú skólar Grænfánannum ári seinna.

Á nýliðnu starfsári voru 64 skólar teknir út og jafnmargir fánar afhentir um allt land.

Gerður Magnúsdóttir lét af störfum sem verkefnastjóri verkefnisins í nóvember 2014 og Katrín Magnúsdóttir tók við starfi hennar. Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, Caitlin Wilson og Salome Hallfreðsdóttir vinna einnig að afmörkuðum þáttum verkefnisins.


Verkefnakista Grænfánans

Í lok ársins 2014 fór í loftið gagnagrunnur á heimasíðu Grænfánans sem ber heitið Verkefnakista. Verkefnakistan er vettvangur fyrir skóla til að skiptast á efni sem nýta má í vinnu við Grænfánaverkefnið. Ákveðið var að ráðast í gerð verkefnakistunnar í kjölfar endurskoðunar sem fram fór árið 2013 en 84% svarenda í könnun á meðal þátttökuskóla kölluðu eftir gagnagrunni með dæmum af árangursríkum verkefnum. Það er því afar ánægjulegt að slíkur gagnagrunnur sé orðinn að veruleika sem vonandi mun nýtast kennurum í verkefninu vel. Þróunarsjóður námsgagna, mennta- og menningarmálaráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið styrktu gerð verkefnakistunnar.



Afhending grænfána á leikskólanum Fífuborg í Grafarvogi í janúar 2015.

Fjöldi skóla í Grænfánaverkefninu. Skólar á grænni grein eru þeir sem hafið hafa þátttöku í verkefninu en ekki enn hlotið grænfánaviðurkenninguna.



Bláfáninn

Bláfáninn er umhverfisviðurkenning FEE sem veitt er smábátahöfnum og baðströndum og er útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum, en yfir 4.000 staðir flagga fánann í 49 löndum um heim allan. Viðurkenningin er veitt fyrir markvissa umhverfisstjórnun, góða þjónustu, vandaða upplýsingagjöf og fræðslu um umhverfið.

Níu Bláfánar á Íslandi

Árið 2014 var metár í starfsemi Bláfánans á Íslandi en þá flögguðu níu staðir fánann, þ.e. sex smábátahafnir og þrjár baðstrendur. Það voru smábátahafnirnar á Borgarfirði eystri, Patreksfirði, Bíldudal og í Stykkishólmi, Grófin í Keflavík og Ýmishöfn í Kópavogi, og baðstrendurnar Bláa lónið, Ylströndin í Nauthólsvík og Langisandur á Akranesi. Auk þess flögguðu fjögur hvalaskoðunaryrirtæki Bláfánaveifunni; Elding og Sérferðir í Reykjavíkurborg, Ambassador á Akureyri og Norðursigling á Húsavík.

Ný Bláfánaveifa

Það sem bar hæst í starfsemi Bláfánans síðastliðið ár var endurskoðun Bláfánaveifunnar sem fólst í því að auka kröfurnar sem gerðar eru til handhafa hennar þannig að þær samræmist betur hinum strangari kröfum og viðmiðum Bláfánans sjálfs. Endurskoðun Bláfánaveifunnar er nú á lokastigum og verða ný viðmið kynnt á ársfundi Bláfánans í október 2015.

Salome Hallfreðsdóttir stýrir Bláfánaverkefninu, en Katrín Magnúsdóttir leysti hana af í barneignarleyfi á nýliðnu starfsári.



Afhending bláfánans á Ylströndinni í Reykjavík í maí 2014. Mynd frá Reykjavíkurborg.

Græni lykillinn

Græni lykillinn (e. Green Key) er nýtt umhverfismerki á Íslandi sem veitt er gististöðum og öðrum fyrirtækjum í afþreyingarþjónustu, s.s. veitingastöðum, skemmtigörðum, söfnum og ráðstefnusölum. Umhverfismerkið er ein útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum og nær til 48 landa. Meginmarkmið Græna lykilsins er að auka þekkingu og efla umhverfisvitund viðskiptavina og starfsmanna, draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar, draga úr rekstrarkostnaði og efla umhverfis- og samfélagsábyrgð fyrirtækisins. Græni lykillinn styrkir auk þess jákvæða mynd fyrirtækjanna út á við. Til þess að hljóta Græna lykilinn þurfa rekstraraðilar að uppfylla ströng umhverfisskilyrði er lúta að tólf þáttum, s.s. vistvænum innkaupum, úrgangsstjórnun, orkusparnaði og umhverfisfræðslu.

Radisson Blu hótelin fyrst á Íslandi til að hljóta Græna lykilinn

Radisson Blu hótelin á Íslandi, Hótel Saga og 1919, hlutu Græna lykilinn fyrst hótela hér á landi í janúar 2015. Á sama tíma tók Landvernd við rekstri verkefnisins hérlendis af alþjóðskrifstofu FEE. Landvernd hlakkar til að taka þátt í að efla umhverfisvernd innan ferðapjónustu og afþreyingargeirans á Íslandi með þessum hætti og vonast til áframhaldandi vakningar um mikilvægi umhverfisvitundar hjá fyrirtækjum.

Salome Hallfreðsdóttir er verkefnisstjóri Græna lykilsins hjá Landvernd.



Afhending Græna lykilsins á Radisson Blu 1919 í janúar 2015.





Frá Hagavatnssvæðinu. Mynd: Mike John.

Rammaáætlun í uppnámi

Meirihluti atvinnuveganefndar Alþingis lagði fram þingsályktunartillögu í vetur sem gerir ráð fyrir að færa virkjanahugmyndir í neðrihluta Þjórsár og tvær hugmyndir á hálendinu, Skrokkölduvirkjun og Hagavatnsvirkjun, í orkunýtingarflokk rammaáætlunar. Landvernd hefur mótmælt þessu harðlega.

Stenst tillagan lög?

Lög um rammaáætlun gera ráð fyrir að faghópar meti verðmæti svæða og áhrif virkjana á þau, gefi þeim stig og raði þeim eftir verðmætum á þessum forsendum. Vorið 2013 tók ný verkefnisstjórn rammaáætlunar til starfa og vinnur nú að 3. áfanga áætlunarinnar. Í endurskoðun hennar á flokkun virkjanahugmynda í neðrihluta Þjórsár var engri stigagjöf beitt og enginn samanburður fékkst við aðrar virkjanahugmyndir. Faghópar hafa ekki enn metið Skrokköldu- og Hagavatnsvirkjun í núverandi áfanga en vinnu þeirra ber lögum samkvæmt að leggja til grundvallar mati verkefnisstjórnar. Landvernd telur því Alþingi ekki geta fært virkjanahugmyndir án þess að þessi vinna hafi farið fram.

Er ekki hægt að biðja í eitt ár enn?

Einungis eitt ár er þangað til niðurstöður 3. áfanga rammaáætlunar liggja fyrir. Í því ferli fæst raunverulegur samanburður virkjanahugmynda til grundvallar flokkun þeirra í verndar- og orkunýtingarflokk. Því hefur Landvernd lagt hart að alþingismönnum að fresta ákvörðun um tilflutning ofangreindra virkjanahugmynda og leyfa rammaáætlunarferlinu að hafa sinn gang.

Áskorun til þingmanna

Landvernd útbjó í vetur vettvang fyrir almenning þar sem fólk gat skrifað undir og sent áskorun í tölvupósti til þingmanna um að samþykkja ekki tillöguna. Þingmenn fengu sendar tæpar eitt þúsund áskoranir á einum sólarhring, en alls skoruðu rúmlega 2.000 manns á þingmenn með þessum hætti.

Engar raflínur í jörð?

Á liðnum vetri lagði iðnaðar- og viðskiptaráðherra fram tvö þingmál um raforkumál, sem Landvernd hefur beitt sér ötullega gegn enda munu umhverfissjónarmið fara mjög halloka og jarðstrengir á 220kV verða nær útilokaðir verði þau að veruleika.

Tröllvaxnar loftlínur framtíðarsýnin

Í frumvarpi um breytingu á raforkulögum er gert ráð fyrir að þegar Landsnet reiknar út þörf á nýjum raflinum í kerfisáætlun sinni geti fyrirtækið miðað við orkuflutning frá öllum virkjanahugmyndum í orkunýtingar- og biðflokk rammaáætlunar. Þetta myndi þýða stórar og tröllslegar loftlínur um allt land eins og við m.a. þekkjum af Hellisheiðinni. Þar sem að orkunýtingarflokkur jafngildir ekki ákvörðun um að virkja, hvað þá biðflokkur, yrði með þessu lögfest að Landsnet tæki mið af óraunhæfum eða fölskum forsendum við áætlanagerð sína.

Völd frá sveitarstjórnunum til Landsnets

Með frumvarpinu er lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnunum gert skylt að samræma skipulagsáætlanir sínar við verkefni í tíu ára kerfisáætlun Landsnets. Þá bæri þeim að passa að skipulagsmál hindri ekki framgang verkefna fyrirtækisins í þriggja ára framkvæmdáætlun þess. Sveitarfélag hefði því lítið um það að segja hvort loftlína eða jarðstrengur lægi í gegnum viðkvæm svæði þess.

Stefna um engar raflínur í jörð?

Þingsályktunartillaga ráðherra gengur út á stefnu um lagningu raflína í jörð. Sett eru fram viðmið um við hvaða aðstæður megi leggja jarðstrengi þrátt fyrir að þeir kosti meira en loftlínur. En þau viðmið ná ekki einu sinni til allra náttúruverndarsvæða og ekki til víðerna, einmitt þar sem sjónræn áhrif loftlína eru afar neikvæð. Í ofanálæg má kostnaðarmunur ekki fara yfir ákveðið þak til að viðmiðin eigi við, nema fyrir einstöku landgerð. Með þessu er í reynd verið að útiloka lagningu stórra 220kV jarðstrengja á Íslandi, en stefna Landsnets er einmitt að byggja meginflutningskerfið upp á 220kV. Landsnet hefði því frítt spil fyrir loftlínuskóga út um allt land, þ.m.t. á Sprengisandi, í Skagafirði, Öxnadal, á Reykjanesskaga og víðar.

Nýtt umhverfismat raflínu að Bakka


Landvernd hefur sent Skipulagsstofnun erindi þar sem samtökin fara fram á að nýtt umhverfismat verði unnið fyrir raflínur frá Kröflu að Bakka, m.a. um ósnortin svæði nærri Kröflu. Í erindi sínu bendir Landvernd á að fyrirliggjandi umhverfismat tveggja stórra 220kV loftlína byggji á tilkomu álvers á Bakka en flutningsþörf raforku inn á svæðið nú sé hinsvegar um tíu sinnum minni en meðan álver var enn í myndinni. Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit tók undir þessa kröfu Landverndar með aðalfundarályktun 26. mars 2015.

Veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif

Í fyrirliggjandi umhverfismati var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að um veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á Þeistareykjahraun og Leirhnjúkshraun yrði að ræða og mikil skerðing á lítt snortnum víðrum. Þá myndi raflína á þessu svæði hafa neikvæð áhrif á útsýni frá Leirhnjúki, vinsælum áningarstað ferðamanna.

Fleiri möguleikar í myndinni

Minni raforkuflutningsþörf gefur færi á minni flutningsmannvirkjum og opnar á nýja og fleiri möguleika á raflinum sem valda minni umhverfisáhrifum, þ.m.t. jarðstrengjum og loftlínunum á lægri spennustigum (132kV). Umhverfisáhrif þessara valkosta verður að meta svo finna megi þann kost sem minnst umhverfisáhrif hefur. Það vekur furðu að sveitarfélögin á svæðinu hafi ekki óskað eftir nýju umhverfismati um leið og ljóst var að ekki yrði af álveri á Bakka því það hlýtur að vera keppikefli þeirra að raflínan verði lögð með sem minnstum áhrifum á umhverfi og náttúru.



Við Hvannstóð. Fyrirhuguð loftlína frá Kröflu að Bakka skæri svæðið hægra megin á myndinni.

Áfangasigur við Mývatn

Skipulagsstofnun ákvað í nóvember sl. að vinna þyrfti nýtt umhverfismat fyrir nær alla umhverfisþætti Bjarnarflagsvirkjunar í Mývatnssveit. Rekja má upphaf þessa máls til kröfu Landverndar um nýtt umhverfismat sem samtökin lögðu fram haustið 2012.

Þrýstingur almennings hefur áhrif

Fyrir tilstilli Landverndar og Fuglaverndar kom sendinefnd hins alþjóðlega Ramsarsamnings hingað til lands til að kynna sér málið en Mývatn og Laxá eru eitt sex Ramsarsvæða á Íslandi sem njóta alþjóðlegrar verndar sem sérstök votlendissvæði. Landvernd efndi einnig til undirskriftasöfnunar á netinu til að afla kröfu sinni um nýtt umhverfismat stuðnings. Um 8.000 einstaklingar skrifuðu undir kröfuna. Þessi þrýstingur almennings hafði án efa mikið að segja um það að Landsvirkjun tilkynnti í september 2013 að leita bæri til Skipulagsstofnunar eftir ákvörðun um hvort vinna skyldi nýtt umhverfismat.

Samfélagsábyrgð í orði en ekki á borði?

Óvissa ríkir um áhrif Bjarnarflagsvirkjunar á lífríki Mývatns og heilsu fólks á svæðinu eins og Skipulagsstofnun hefur staðfest með ákvörðun sinni. Það kom því á óvart að Landsvirkjun kærði ákvörðunina til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, ekki síst í ljósi yfirlýstrar stefnu fyrirtækisins um samfélagsábyrgð. Niðurstaða úrskurðarnefndar liggur ekki fyrir.

Vistheimt með skólum á Suðurlandi

Í febrúar 2013 hóf Landvernd verkefni á sviði vistheimtar (endurheimtar lands) og umhverfismenntar með þremur grænfánaskólum á Suðurlandi (Grunnskólanum á Hellu, Hvolsskóla og Þjórsárskóla) í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Verkefnið felur í sér fræðslu og þekkingarsköpun meðal nemenda, kennara og nærsamfélags skólanna, þar sem áhersla er lögð á þátttöku nemenda í rannsóknum og vistheimtaraðgerðum. Verkefnið er þannig liður í að efla þekkingu og getu grænfánaskóla til að takast á við flóknari umhverfismál. Rannveig Magnúsdóttir leiðir verkefnið hjá Landvernd.

Vísindamenn framtíðarinnar

Í maí 2014 lögðu nemendur á miðstigi grunnskólanna þriggja upp tilraunareiti á lítt grónu landi í nágrenni skólanna, undir leiðsögn kennara, starfsfólks Landverndar og Landgræðslu ríkisins. Í tilraunareitina voru mismunandi landgræðslu- eða vistheimtaraðgerðir lagðar út: Áburður, fræ og áburður, heypakning, húsdýraáburður, molta unnin úr lífrænum úrgangi frá skólunum sjálfum og viðmið (ekkert gert). Í ágúst var haldið aðferðafræðinámskeið fyrir kennara og í september 2014 var farið aftur út með nemendahópnum þar sem þeir mældu árangur þessara mismunandi vistheimtaraðgerða í tilraunareitum sínum. Nemendur mældu gróðurþekju og greindu gróðurinn til tegunda og plöntuhópa.

Í byrjun árs 2015 var byrjað að fara yfir niðurstöður tilraunanna og voru nemendur látnir gera ákveðin verkefni sem tengjast úrvinnslunni. Verið er að vinna kennsluefni í tengslum við þetta. Unnið verður áfram með fleiri nemendum eftir þessari forskrift.

Líkan að umhverfismennt


Þátttaka og menntun ungmenna í að takast á við áskoranir í umhverfismálum á heimavelli eru á meðal lykilmáttala í að stuðla að breyttum viðhorfum og umgengni við náttúruna. Þá er þátttökunálgun sterkt tæki í menntun til sjálfbærni. Landvernd vinnur að því að verkefnið verði líkan að umhverfismennt á sviði vistheimtar í skólum landsins en árangursríkar aðferðir og kennsluefni skortir á sviði flókinnar umhverfismála. Verkefnið verður kynnt víðar á landinu á árinu 2015 fyrir tilstilli styrks frá sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi.

Athygli utan landssteinanna

Landvernd kynnti verkefnið á Evrópuráðstefnu SER (Society for Ecological Restoration) í Oulu í Finnlandi í ágúst 2014. Mikill áhugi var á verkefninu meðal ráðstefnugesta. Á vordögum er von á heimsókn frá *Keep Scotland Beautiful* sem rekur grænfánaverkefnið í Skotlandi og kennurum frá Bandaríkjunum til að kynna sér verkefnið. Verkefnið hefur því alla burði til að hafa viðtæk, jákvæð áhrif á þróun umhverfismenntar hérlendis og erlendis.



5. bekkur í Hvolsskóla eftir útlagningu tilraunareita vorið 2014.



Tilraunareitir lagðir út með nemendum Þjórsárskóla vorið 2014.



Útgáfa bókarinnar *Að lesa og lækna landið*



Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir kynna efni bókar sinnar *Að lesa og lækna landið*.

Í apríl 2015 kom út bókin *Að lesa og lækna landið* eftir Ólaf Arnalds og Ásu L. Aradóttur, prófessora við Landbúnaðarháskóla Íslands. Bókin er gefin út af Landvernd, Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskólanum. Hún gerir lesandann læsan á ástand lands og fjallar um leiðir til að endurheimta töpuð landgæði. Bókin er skrifuð fyrir almenning og kennara og mun ekki síst nýttast grunnskólakennurum, m.a. í vistheimtarverkefni Landverndar og kennurum og nemendum í framhaldsskólum. Bókinni verður dreift í alla grunn- og framhaldsskóla landsins, til bænda, þingmanna og sveitarstjórna. Bókin er aðgengileg á vefsíðu Landverndar og á skrifstofu samtakanna.



Framfylgd Árósasamningsins hérlendis

Í apríl 2014 vann Landvernd skuggaskýrslu við fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd Árósasamningsins hérlendis. Framkvæmdastjóri Landverndar sat í kjölfarið aðildarríkjafund samningsins og kom þar á framfæri nokkrum atriðum sem Landvernd telur að þurfi að lagfæra í innleiðingu og framkvæmd samningsins hérlendis.

Í fyrsta lagi gagnrýndi Landvernd að félagasamtök geti einungis véfengt ákveðnar ákvarðanir stjórnvalda er varða umhverfið og telja að úrræði þurfi að ná til fleiri ákvarðana en lög gera ráð fyrir í dag.

Í öðru lagi benti Landvernd á að Ísland hefði ekki tryggt úrræði um aðgang að stjórnsýslu- og dómstólaleiðum til að véfengja aðgerðir og aðgerðaleyfi af hálfu einstaklinga og opinberra yfirvalda sem ganga gegn ákvæðum landslaga um umhverfið. Gálgahraunsmálið er dæmi um slíkt mál.

Þá benti Landvernd á þá staðreynd að íslenskir dómstólar hefðu ekki viðurkennt aðild félagasamtaka að dómsmálum um lögbannsmál er varða umhverfið, og er þar einnig vísað til Gálgahraunsmálsins. Niðurstöður skuggaskýrslunnar hafa verið kynntar í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og þar hefur vel verið tekið í að skoða athugasemdir Landverndar nánar.



Fulltrúar félagasamtaka veittu stjórnvöldum sínum viðtækt aðhald á aðildarríkjafundi Árósasamningsins í Maastricht í Hollandi í júlí 2014. Hér sést fulltrúi félagasamtaka í Hvíta Rússlandi tala.

Saman gegn matarsóun

Matarsóunarverkefni Landverndar hófst á vormánuðum 2014 þegar styrkur fékkst frá Norrænu ráðherranefndinni. Zero Waste hópurinn, sem hlaut styrkinn, samanstendur af Landvernd, Kvenfélagsambandi Íslands og Vakandi hreyfingunni ásamt tveimur norrænum samstarfsfélögum: Stop spild af mad hreyfingunni sem Selina Juul í Danmörku veitir forstöðu og Matvett í Noregi. Heimasiða matarsóunarverkefnisins er matarsoun.is. Rannveig Magnúsdóttir hjá Landvernd er verkefnisstjóri verkefnisins.

Vitundarvakning á Íslandi

Haustið 2014 voru haldnir tveir stórir viðburðir á vegum verkefnisins. Hátíðin Saman gegn matarsóun var haldin í Hörpu í september sem hluti af United Against Foodwaste Norden átakinu, en viðburðir undir þessu nafni voru haldnir í öllum Norðurlöndunum árið 2014. Meðal þeirra sem komu fram á hátíðinni voru Selina Juul og Tristram Stuart, sem barist hafa gegn matarsóun í heimalöndum sínum, Danmörku og Bretlandi. Hátíðin sameinaði, í fyrsta sinn á Íslandi, aðila frá öllum stigum framleiðslu og neyslu þar sem áhersla var lögð á vitundarvakningu gegn matarsóun. Til að halda umræðunni áfram stóð verkefnið, í samstarfi við Norræna húsið, fyrir málstofu þann 25. nóvember 2014. Erlendir og íslenskir fyrirlesarar ræddu lausnir á matarsóun og sögðu frá árangri sínum á því sviði. Þessir viðburðir heppnuðust afar vel og sköpuðu miklar og góðar umræður.

Zero Waste verkefnið hefur einnig staðið fyrir mjög vinsælum námskeiðum um land allt sem kallast *Eldað úr öllu* með Dóru og kvenfélögum. Unnið er að því að halda sambærileg námskeið á Norðurlöndunum. Að auki er verið að vinna að heimildamynd, bók og stuttum myndböndum um matarsóun sem dreift verður á netinu.

Rannsókn á matarsóun

Landvernd fékk styrk frá Reykjavíkurborg til að vinna forrannsókn á matarsóun á reykvískum heimilum. Rannsóknin náði til 19 heimila og fólst í könnun á viðhorfi og hegðun einstaklinga gagnvart matarsóun og mælingum á sóun inni á heimilum. Að verkefninu vinna, auk verkefnisstjóra, þær Sólrún Sigurðardóttir og Andrea Burgherr, nemendur í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, en þær eru starfsmenn á Landvernd. Niðurstöður munu liggja fyrir síðar á árinu.

Matarsóun sett á kortið

Rannveig Magnúsdóttir hjá Landvernd var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í starfshóp um matarsóun í september 2014. Hópurinn fundaði 11 sinnum á árinu og á Degi umhverfisins í apríl sl. skilaði hann af sér skýrslu með tillögum um hvernig draga megi úr sóun matvæla.



Ánægðir þátttakendur eftir fyrsta námskeið Dóru Svavarsdóttur *Eldað úr öllu*.



Frá hátíðinni *Saman gegn matarsóun* 6. september 2014.

Loftslagsmál með sveitarfélögum

Loftslagsverkefni Landverndar byggist á þrepaskiptum aðgerðaramma með það að markmiði að aðstoða sveitarfélög við að mæla útlosun sína á gróðurhúsalofttegundum þannig að þau geti á sér skilvirkastan hátt stýrt og dregið úr henni. Verkefnið hófst formlega árið 2013 en þá hóf Landvernd samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga og Sveitarfélagið Hornafjörð sem samþykkti að prufukeyra verkefnið. Ákveðið var að mæla útblástur úr þremur geirum: Samgöngum, orkunotkun og úrgangi þar eð þeir skipta mestu máli í starfsemi sveitarfélagsins. Grunnlínugögnum hefur að mestu verið safnað fyrir Hornafjörð og gerð aðgerðaáætlunar fyrir samdrátt í losun fyrir ofangreinda þrjú geira á tímabilinu 2014-2020 er á lokastigum. Sumum aðgerðum hefur nú þegar verið eða er verið að hrinta í framkvæmd. Stefnt er að því að draga úr losun um 3-5% á ári á tímabilinu.

Fleiri sveitarfélög bætast í hópinn

Í lok árs 2014 var ráðist í stækkun verkefnisins og tekið upp samstarf við Fljótsdalshérað, sem hafið hefur söfnun grunnlínugagna. Fleiri sveitarfélög munu brátt bætast við. Landvernd vinnur að gerð leiðbeiningarits og gátlista fyrir nýja þátttakendur. Mikil samlegðaráhrif geta náðst með því að safna saman reynslu og þekkingu á einn stað, hjá Landvernd, sem þannig getur nýst sveitarfélögum sem þátt taka í verkefninu um allt land. Samdráttur

í útlosun gróðurhúsalofttegunda hjá sveitarfélögum er atriði sem ekki hefur fengið nægjanlegt rými í stefnumörkun Íslands í loftslagsmálum að mati Landverndar. Með þessu verkefni má aðstoða Ísland í að ná fram þeim markmiðum sem sett hafa verið á alþjóðavettvangi og hér heima. Salome Hallfreðsdóttir tók við verkefnastjórn verkefnisins í upphafi árs 2015, en auk hennar vinnur Rannveig Magnúsdóttir að verkefninu.



Hópvinna á íbúafundi um loftslagsmál á Höfn í Hornafirði.

Náttúruvernd á háhitasvæðum

Jarðhitaverkefni Landverndar gengur út á fræðslu til ferðamanna um jarðfræði, líffræði og hið einstaka landslag sem einkennir íslensk háhitasvæði. Háhitasvæði eru sérlega viðkvæm fyrir átroðningi og umferð. Í verkefninu er rík áhersla lögð á náttúruverndargildi svæðanna, mikilvægi ábyrgar umgengni og öryggis ferðamanna þannig að þeir geti notið einstakrar upplifunar á náttúru Íslands án þess að ganga á höfuðstól hennar. Helstu samstarfsaðilar í verkefninu eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Landsbjörg og Ferðafélag Íslands, auk landeigenda eða forráðamanna þeirra svæða sem unnið er á hverju sinni.

Skoðunarferðir og fræðsluefni

Farið var í vel heppnaðar skoðunarferðir í samstarfi við Ferðafélag Íslands á þrjú svæði sumarið 2014, Reykjadal, Reykjanesskagann og Vestur-Skaftafellssýslu. Fimm upplýsingaskilti voru sett upp í Kerlingarfjöllum í júlí 2014. Í Hverabotnum var sett upp skilti með upplýsingum um náttúru og sérstöðu háhitasvæðisins, í Ásgarði var yfirlitskort með upplýsingum um verndargildi svæðisins á fjórum tungumálum komið fyrir á áberandi stað og skilti með öryggisupplýsingum voru sett upp á þremur stöðum á Kerlingarfjallasvæðinu. Verið er að leggja lokahönd á upplýsingaskilti

og bækling um háhitasvæðið í Kverkfjöllum. Skiltið verður sett á vegg Sigurðarskála. Þessum hluta jarðhitaverkefnisins lýkur á árinu 2015. Rannveig Magnúsdóttir er verkefnastjóri verkefnisins.



Upplýsingaskilti í Hverabotnum í Kerlingarfjöllum. Mynd: Guðrún Tryggvadóttir.

Stjórn Landverndar 2014-2015



Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður



Helena Óladóttir, varaformaður



Jóna Fanney Friðriksdóttir, gjaldkeri



Andri Snær Magnason, ritari



Anna G. Sverrisdóttir, meðstjórnandi



Einar Bergmundur Arnbjörnsson, meðstjórnandi



Fríða Björg Eðvarðsdóttir, meðstjórnandi



Guðmundur Björnsson, meðstjórnandi



Margrét Auðunsdóttir, meðstjórnandi



Pétur Óskarsson, meðstjórnandi

Starfsfólk og starfsmenar Landverndar 2014-2015

Starfsfólki Landverndar fjölgaði á starfsárinu upp í 6,5 stöðugildi. Nú starfa fimm manns í fullu starfi hjá samtökunum, tveir í hálfu starfi og tveir í 25% starfi.

Mannabreytingar

Gerður Magnúsdóttir lét af störfum sem verkefnisstjóri Grænfána-verkefnisins í nóvember 2014 eftir tæplega fjögurra ára starf hjá Landvernd. Eru Gerði færðar alúðarpakkir fyrir framlag hennar til umhverfismenntar á vegum samtakanna.

Ólöf Óskarsdóttir hóf störf á skrifstofu Landverndar í apríl 2014 og sinnir margvíslegum störfum, m.a. félagamálum, skipulagningu viðburða og aðstoð við verkefni samtakanna. Ólöf er með menntun á sviði kennslu á leikskóla- og grunnskólastigi. Hún hefur starfað sem kennari og hjá Stígamótum og tekið virkan þátt í sjálfbærniástæðum, m.a. í Konukoti. Ólöf er í hálfu starfi.

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir hóf störf hjá Landvernd í ágúst 2014. Bylgja lauk BA gráðu frá Háskólanum á Bifröst í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði og MSc í mannvistfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð árið 2013. Bylgja er verkefnisstjóri grænna viðburða hjá Landvernd en vinnur einnig við Grænfána-verkefnið og Hjarta landsins. Bylgja var áður starfsnemi hjá Landvernd.

Steinar Kaldal hóf störf hjá Landvernd í mars 2015 og er verkefnisstjóri hálendisverkefnis Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands og því í hálfu starfi hjá Landvernd. Steinar er með BA próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og MSc í umhverfisstjórnun og stefnumótun frá háskólanum í Lundi í Svíþjóð.

Caitlin Wilson hóf störf hjá Landvernd í apríl 2015. Caitlin er með BA próf í enskum bókmenntum frá College of William and Mary í Virginíu í Bandaríkjunum og MA próf í umhverfis- og auðlindafræðum frá Háskóla Íslands. Caitlin stundar nú doktorsnám á menntavísindasviði HÍ. Caitlin vinnur í 25% starfi hjá Landvernd við þróunarverkefni um kennslu og þátttöku nemenda í flóknum umhverfismálum innan Grænfána-verkefnisins.

Starfsmenar auka faglega þekkingu Landverndar

Fjórir starfsmenar úr umhverfis- og auðlindafræði í Háskóla Íslands unnu hjá Landvernd á starfsárinu, alls í um einn mánuð hver. Starfsmenarnir vinna afmörkuð verkefni undir leiðsögn starfsfólks og taka þátt í og fá að kynna daglegri starfsemi samtakanna. Hólmfríður Þorsteinsdóttir og David Ostman hafa lokið starfsmenaverkefnum sínum en Andrea Burgherr og Sólrún Sigurðardóttir vinna nú að rannsókn á matarsóun Íslendinga sem lýkur í sumar.

Hvernig má meta árangur Grænfánaskóla?

Hugrún Geirsdóttir starfsnemi tók saman rannsóknir á árangri í Grænfána-verkefninu erlendis. Samantektin leiddi í ljós að þátttaka í verkefninu leiðir til aukinnar þekkingar á umhverfismálum samanborið við skóla sem ekki taka þátt. Árangur Grænfánaskóla erlendis virðist standa og falla með áhuga kennara og skólastjórnenda. Hugrún er að ljúka við meistaraþrófsritgerð sína þar sem hún kannar árangur Grænfána-verkefnisins hérlendis.

Aðferðir við að meta rask á háhitasvæðum

David Ostman starfsnemi þróaði aðferðafræði með landupplýsingakerfi (GIS) til að meta umfang sýnlegs rasks á háhitasvæðum. Hellsheiðarvirkjun var notuð sem dæmi. Aðferðin felur í sér stigagjöf sem gerir samanburð á raski mismunandi háhitasvæða mögulegt. David vinnur nú að meistaraþrófsritgerð sinni um sama efni.

Fjárhagslegur ávinningur af Grænfána-verkefninu

Hólmfríður Þorsteinsdóttir starfsnemi bar saman magn og kostnað við sorphirðu leik- og grunnskóla sem hlotið hafa grænfána og þeirra sem ekki taka þátt í verkefninu. Sorpmagn í leikskólum var marktækt minna hjá Grænfánaskólum en í öðrum skólum, eða 27,8% og sorphirðukostnaður 28,8% lægri. Á grunnskólastiginu var sorpmagn Grænfánaskóla 17,2% minna og kostnaður við sorphirðu 20,2% lægri, en munurinn var þó ekki tölfraðilega marktækur sökum lítils úrtaks.




Starfsfólk og starfsmenar Landverndar í apríl 2015. Aftasta röð frá vinstri: Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri, Hrefna Einarsdóttir bókarari, Steinar Kaldal verkefnisstjóri hálendisverkefnis, Ólöf Óskarsdóttir skrifstofukona, David Ostman starfsnemi, Sólrún Sigurðardóttir starfsnemi, Salome Hallfreðsdóttir verkefnisstjóri Bláfánans, Græna lykilsins og loftslagsverkefnis, Rannveig Magnúsdóttir verkefnisstjóri jarðhita-, vistheimtar- og matarsóunarverkefna, Katrín Magnúsdóttir verkefnisstjóri Grænfánans, Caitlin Wilson starfsmaður Grænfánans, Hólmfríður Þorsteinsdóttir starfsnemi, Andrea Burgherr starfsnemi og Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir verkefnisstjóri vistvænna viðburða og starfsmaður Grænfána og Hjarta landsins.

Í lið með Landvernd

Markvisst hefur verið unnið að fjölgun félagsmanna í Landvernd og hefur það starf skilað drjúgum árangri. Árið 2011 voru um 500 skráðir félagsmenn en að baki félaginu standa nú um 3.800 manns.

Landvernd stendur mun sterkari fótum með fleiri félagsmenn sér að baki. Meiri fjöldi skilar tvennu, meiri slagkrafti og áhrifum og fjárhagslega sterkari samtökum. Unnið verður markvisst að frekari fjölgun félagsmanna á næstu árum.





Umsagnir, kærur og dómsmál

Eitt af mikilvægum hlutverkum félagsamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála er að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum öflugt aðhald. Leitað hefur verið til Landverndar um umsagnir við fjölda lagafrumvarpa, þingsályktunartillagna, skipulagsmála sveitarfélaga og vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Á nýliðnu starfsári hefur Landvernd veitt umsagnir um 25 mál, hafið eitt nýtt dómsmál og sent kæru til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá var unnin sérstök skýrsla um framfylgd Árósasamningsins. Nánari upplýsingar um hvert mál má finna á vefsíðu samtakanna.

Virkjanamál

- Þingsályktunartillaga um flokkun virkjanahugmynda í neðrihluta Þjórsár (umsögn).
- Matsáætlun fyrir vindmyllur ofan Búrfells (umsögn).
- Endurgerð umhverfismats Bjarnarflagsvirkjunar (umsögn).
- Þingsályktunartillaga um breytingu á rammaáætlun: Virkjanahugmyndir í Neðri-Þjórsá, Skrokköldu- og Hagavatnsvirkjun (umsögn).

Raforkuflutningsmál

- Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 og umhverfisskýrsla (umsögn).
- Sprengisandslína, 220kV háspennulína yfir Sprengisand. Matsáætlun Landsnets (umsögn með ferðafélögunum).
- Drög að breytingum á raforkulögum (kerfisáætlun, umsögn).
- Drög að þingsályktunartillögu um lagningu raflína (umsögn).
- Stefna á hendur Landsneti vegna samþykktar kerfisáætlunar 2014-2023 (dómsmál).
- Kerfisáætlun Landsnets 2015-2024, matslýsing (umsögn).
- Frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (kerfisáætlun, umsögn).
- Þingsályktunartillaga um lagningu raflína (umsögn).

Samgöngumál og vegagerð

- Samgönguáætlun (álit á samráðsfundi).
- Sprengisandsvegur, matsáætlun Vegagerðarinnar (umsögn með ferðafélögunum).

Skipulagsmál

- Landsskipulagsstefna, greining valkosta og umhverfisáhrifa (umsögn).
- Deiliskipulag Dyrhólaeyjar (umsögn).
- Aðalskipulagsbreyting Fljótsdalshéraðs (umsögn).
- Landsskipulagsstefna, tillaga Skipulagsstofnunar (umsögn).
- Þingsályktunartillaga um landsskipulagsstefnu (umsögn).

Árósasamningurinn

- Skuggaskýrsla við skýrslu Íslands um innleiðingu Árósasamningsins (skýrsla).
- Kæra til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna Gálghraunsmálsins (kæra).

Ferðapjónusta og ferðamennska

- Sjálfbærnivottun ferðamannastaða, Íslandsdeild Norðurlandaráðs (umsögn).
- Drög að frumvarpi til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn (umsögn).
- Drög að frumvarpi um náttúrupassa (umsögn).
- Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn (umsögn).
- Frumvarp til laga um náttúrupassa (umsögn).

Önnur lagasetning um náttúruvernd

- Drög að breytingum á lögum um náttúruvernd (umsögn).

Annað

- Þingsályktunartillaga um varnir gegn matarsóun (umsögn).
- Þingsályktunartillaga um að draga úr plastpöknotkun (umsögn).
- Drög að stefnu um úrgangsförvarnir (umsögn).

Fundir: Eldvötn – loftslagsmál – Árósasamningurinn – auðlindamál – göngustígar – matarsóun – hálendið

30.4.2014 Landbúnaður, ferðapjónusta og virkjanir?

Landvernd og Eldvötn efndu til málþings um áhrif stórvirkjana á landbúnað og ferðapjónustu í Skaftárhreppi. Málþingið var haldið í Tunguseli í Skaftártungu og sóttu það yfir 100 manns.

1.5.2014 Græna gangan 1. maí

Landvernd og fleiri náttúruverndar- og útivistarsamtök efndu til grænnar göngu í samstarfi við stéttarfélögin þar sem þess var krafist að almenningur hefði áfram frjálstan aðgang að náttúru Íslands og að almennarétturinn yrði virtur.

27.5.2014 Brennisteinsvetnismengun – eru heilsa okkar og fjármunir í hættu?

Fjöldi íbúasamtaka á höfuðborgarsvæðinu ásamt Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands og Astma- og ofnæmisfélagi Íslands héldu málþing um brennisteinsvetnismengun í Reykjavík. Fulltrúar framboðanna í Reykjavík fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sátu fyrir svörum í pallborði. Um 200 manns sótti fundinn.

27.5.2014 Árósasamningurinn á Íslandi: Framkvæmd, reynsla og úrbætur

Landvernd efndi til málþings um Árósasamninginn þar sem fjallað var um innleiðingu hans hérlendis, reynslu undanfarinna tveggja ára, þróun í Evrópu og kærumál til ESA sem tengjast umhverfislöggjöf á Íslandi. Um 100 manns sóttu fundinn.

3.6.2014 Áhrif loftslagsbreytinga og aðgerðir heima við

Landvernd, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Evrópustofa efndu til málþings í Nýheimum í Hornafirði um loftslagsbreytingar. Wendel Trio, framkvæmdastjóri Climate Action Network í Evrópu flutti lykilyrilestur en auk hans fjöldi innlendra sérfræðinga. Um 40 manns sóttu fundinn.

5.6.2014 Ísland, Evrópusambandið og loftslagsbreytingar

Landvernd, Alþjóðamálastofnun HÍ, Evrópustofa og Náttúruverndarsamtök Íslands héldu málþing í Reykjavík um stefnu Evrópusambandsins í loftslagsmálum og tengsl þess við EES-samninginn. Samuel Flückiger hjá EFTA og Wendel Trio hjá Climate Action Network voru aðalfyrirlesarar en auk þeirra fluttu innlendir sérfræðingar erindi. Um 100 manns sóttu fundinn.

6.9.2014 Saman gegn matarsóun

Hátíðin *Saman gegn matarsóun* var haldin í Hörpunni til að vinna að hugafarsbreytingu um matarsóun hérlendis. Talið er að a.m.k. 500 manns hafi litið við á hátíðinni.

3.10.2014 Skipulag og viðhald göngustíga

Landvernd, í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og fleiri, stóð fyrir hádegisfyrirlestri í Reykjavík um skipulag og gerð göngustíga. Bob Aitken, skoskur landfræðingur og ráðgjafi í göngustígagerð, velti upp leiðum til að takast á við þær áskoranir og tækifæri sem felast í skipulagi göngustíga hérlendis. Um 100 manns sóttu fundinn.

25.11.2014 Norræn ráðstefna um matarsóun

Landvernd, Kvenfélagsamband Íslands og Vakandi í samstarfi við Norræna Húsið efndu til norrænnar ráðstefnu um matarsóun. Fjölmörg erindi voru flutt af innlendum og erlendum aðilum. Um 50 manns sóttu ráðstefnuna.

11.4.2015 Þjóðareign – málþing um auðlindir Íslands


Landvernd og áhugafólk um sjálfbæra þróun, með stuðningi ASÍ og BSRB, efndu til fundar um auðlindir Íslands, nýtingu þeirra, eignarhald og skiptingu auðlindaársins. Hátt í 200 manns mættu á fundinn og umræður voru fjörugar.

16.4.2015 Paradísarmissir? Hátíð til verndar hálendi Íslands

Fjölmörg náttúruverndar- og útivistarsamtök stóðu fyrir hátíð til verndar hálendi Íslands í Háskólabíói. Fluttar voru ræður til stuðnings hálendinu, sýnd viðtöl við fólk úr ýmsum áttum í þjóðfélaginu og tónlistin spilaði sinn verðuga sess. Um 1300 manns mættu.

16.-17.4.2015 Hvernig metum við hið ómetanlega?

Guðbrandsstofnun, í samstarfi við Ferðamálastofu, Landvernd og Orkustofnun, stóð að fjölmennri ráðstefnu um náttúruna og auðlindanýtingu að Hólum í Hjaltadal. Fjölmargir fyrirlesarar fluttu fróðleg erindi og líflegar umræður sköpuðust.



Fjölgun dómsmála

Umhverfisverndarsamtök víða um heim reka fjölda mála fyrir dómstólum á ári hverju. Fremur fá dómsmál hafa verið rekin hérlandis á sviði umhverfismála. Landvernd hefur á undanförunum árum þurft að leggja ríkari áherslu á þennan þátt sem hluta af eftirliti og aðhaldi við stjórnvöld og fyrirtæki. Hér verður sagt stuttlega frá tveimur málum.

Gálgahraun kært til Mannréttindadómstóls Evrópu

Sumarið 2014 vann Landvernd að kærni fyrir hönd Hraunavina og tveggja félagsmanna þeirra til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna Gálgahraunsmálsins. Í kærinni er Hæstiréttur, með dómi sínum í Gálgahraunsmálinu í nóvember 2013, talinn hafa brotið á rétti Hraunavina til raunhæfra úrræða fyrir dómstólum og réttlátrar málsmeðferðar. Í dómnum kom fram að umhverfisverndarsamtök ættu ekki rétt á að leita til dómstóla með málið. Hér er því um að ræða prófmál sem varðar grundvallarréttindi umhverfisverndarsamtaka til aðgangs að dómstólum.

Í kærinni til Mannréttindadómstólsins er m.a. bent á að Hæstiréttur Íslands komist að annarri niðurstöðu en Evrópudómstóllinn í fleiru en einu hliðstæðu máli þar sem umhverfisverndarsamtök leiti til dómstóla. Niðurstaða Evrópudómstólsins í þessum málum er að ekki megi svipta umhverfisverndarsamtök þeim rétti að sækja mál sín fyrir dómstólum sem þau eiga rétt á samkvæmt Árósasamningnum og Evróputilskipunum sem byggja á honum. Ísland er einnig aðili að Árósasamningnum.

Einn þáttur kærinnar lýtur að vafa um óhlutdrægni Markúsar Sigurbjörnssonar hæstaréttardómara. Markús ritaði undir álit um nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar Árósasamningsins árið 2001 sem þáverandi formaður réttarfarnefndar, en nefndin veitir stjórnvöldum ráðgjöf á sviði réttarfars. Markús sat síðan sem dómsformaður í Gálgahraunsmálinu sem dæmt var í Hæstarétti í nóvember 2013 þar sem einmitt reyndi á rétt umhverfisverndarsamtaka til aðgangs að dómstólum hérlandis samkvæmt Árósasamningnum.

Beðið er ákvörðunar Mannréttindadómstólsins um hvort málið verði tekið fyrir.



Landvernd stefnir Landsneti vegna kerfisáætlunar

Í janúar sl. stefndi Landvernd Landsneti hf. fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til ógildingar á kerfisáætlun 2014-2023. Landvernd telur fyrirtækið hafa brotið lög með því að taka ekki afstöðu til nema brots af innsendum athugasemdum við gerð kerfisáætlunar og umhverfismats hennar, líkt og lög bjóða. Þá telur Landvernd kerfisáætlun vera í ósamræmi við raforkulög: Í fyrsta lagi þar sem Landsnet setur fram sína eigin raforkuspá sem engin lagaheimild sé fyrir og í öðru lagi þar sem fyrirtækið gefur sér í spánni þær forsendur að allur orkunýtingarflokkur rammaáætlunar komi til framkvæmda á næstu 10 árum. Loks bendir Landvernd á að ekki hafi í kerfisáætluninni verið fjallað um umhverfisáhrif raunhæfra valkosta, líkt og jarðstrengja eða blandaða leið loftlína og jarðstrengja.

Aukin umfjöllun og áhugi á starfsemi Landverndar

Á síðustu fimm árum hefur sýnileiki Landverndar í fjölmiðlum aukist verulega. Árið 2010 var alls fjallað um Landvernd í 35 fréttum og greinum en árið 2013 komu samtökin fyrir 378 sinnum. Árið 2014 var talan 228 og nær helmingur umfjallana var í netmiðlum, 37% í prentmiðlum og 15% í sjónvarpi og útvarpi.

Fjöldi þeirra sem hafa líkað við Facebooksíðu Landverndar hefur vaxið úr 900 árið 2011 upp í 6.000 árið 2015. Áhugi á starfsemi og málefnum Landverndar hefur því aukist á síðustu árum.



Fallið frá náttúrupassa

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi í vetur um svokallaðan náttúrupassa. Með náttúrupassa er átt við gjaldtöku af ferðamönnum fyrir aðgang að náttúru landsins. Hugmynd ráðherra var víða tekið illa, bæði inni á Alþingi af þingmönnum allra flokka og af Samtökum ferðaþjónustunnar. Nú er svo komið að fallið hefur verið frá náttúrupassa.

Landvernd, ásamt Ferðafélaginu Útivist, Ferðafélagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4 og Samtökum útivistarfélaga (SAMÚT), hefur gagnrýnt frumvarpið harðlega þar eð náttúrupassinn í núverandi mynd stríðir gegn almannarétti um frjálsa för fólks um óræktað land. Þá fylgir honum umfangsmikil umsýsla við markaðssetningu, sölu og eftirlit auk þess sem náttúrupassi gæti haft neikvæð áhrif á viðhorf fólks til náttúrunnar.

Ljóst er að auka þarf fjármagn til að styrkja innviði ferðamannastaða víða um land. Landvernd og samstarfssamtök vilja fara aðrar leiðir til gjaldtöku, t.d. með breytingum á gistináttaskatti og að hið opinbera noti auknar skatttekjur af hinu sívaxandi ferðaþjónustu til verndar náttúru landsins. Þá hafa samtökin lagt ríka áherslu á heildstæða stefnumótun í ferðamálu á Íslandi.



Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhentur Íslandsskjöldur 29. janúar sl. með áletrun úr lögum um náttúruvernd er minnir á mikilvægi almannaréttarins.

Grundvallaratriði er að tryggja að ferðamennska komi ekki niður á vistkerfum, landslagi og víðernum. Uppbygging innviða getur eyðilagt það aðdráttarafl sem náttúruleg svæði hafa, sérlega í lítt snortinni og ómanngerðri náttúru. Því er nauðsynlegt að ákveða hvar skuli byggja upp innviði og hvar ekki.

Áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar 2014-2015

Landvernd sendi frá sér fjölda ályktana, yfirlýsinga og áskorana á starfsárinu.

Verndarflokkur þýði vernd

Aðalfundur Landverndar 2014 mótmælti harðlega öllum tilraunum orkufyrirtækja og opinberra stofnana til að fá verkefnisstjórn rammaáætlunar til að taka til uppfjöllunar svæði í núverandi verndarflokki við endurskoðun áætlunarinnar.

Gjaldtaka án náttúrupassa

Aðalfundur Landverndar 2014 hvatti iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að láta útfæra fleiri tillögur að gjaldtöku af ferðamönnum til uppbyggingar ferðamannastaða en sk. náttúrupassa. Bent var á að náttúrupassi stangist á við almannarétt, kalli á umfangsmikla uppbyggingu markaðs-, sölu- og eftirlitskerfis og gæti leitt til neikvæðra breytinga á viðhorfum fólks og umgengni við náttúruna og ferðaþjónustuna.

Samstarf eða sameining félagasamtaka

Aðalfundur Landverndar 2014 fól stjórn samtakanna að óska eftir viðræðum við stjórnir annarra náttúruverndarfélaga, s.s. Náttúruverndarsamtaka Íslands og Framtíðarlandsins, um markvisst samstarf eða sameiningu samtakanna með það að markmiði að styrkja náttúruverndarstarf í landinu.

Kallað eftir virkari þátttöku í loftslagsmálum

Aðalfundur Landverndar 2014 hvatti ríkisstjórn Íslands til að taka skilvirkan þátt í lausn á loftslagsvandannum með m.a. umræðu og fræðslu um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra.

Starfsemi Náttúruminjasafns Íslands verði tryggt

Landvernd og fjölmörg náttúruverndar- og útivistarsamtök skoruðu á Alþingi og mennta- og menningarmálaráðherra tryggja Náttúruminjasafni Íslands viðunandi starfsumhverfi og fjármagn til reksturs sem hæfir því sem einu af höfuðsöfnum þjóðarinnar.

Náttúrupassi gegn almannarétti

Landvernd, Ferðafélag Íslands, Ferðaklúbburinn 4x4, SAMÚT og Útivist skoruðu á iðnaðar- og viðskiptaráðherra að falla frá frumvarpi til laga um náttúrupassa en hann vegi stórlega að almannarétti um frjálsa för fólks um óræktað land.

Orkustofnun ógnar friði rammaáætlunar

Í ályktun stjórnar Landverndar er Orkustofnun sögð vega stórlega að friði um rammaáætlun með því að senda verkefnisstjórn áætlunarinnar virkjanahugmyndir til skoðunar sem eru í núverandi verndarflokki áætlunarinnar. Orkustofnun gerir alvarlega atlögu að því ákvörðunarferli sem felist í rammaáætlun.

Atvinnuveganefnd brýtur málsmeðferð

Stjórn Landverndar mótmælti harðlega tillögu meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis um að færa átta virkjanahugmyndir úr biðflokki í nýtingarflokk rammaáætlunar. Fimm af þessum hugmyndum hafi ekki hlotið þá málsmeðferð sem lög mæla fyrir um og aðkoma verkefnisstjórnar, faghópa hennar og almennings væri þar engin. Verði tillagan samþykkt er rammaáætlunarferlið ónýtt.



Sprengisandslína og Sprengisandsvegur

Í október 2014 lögðu Landsnet hf. og Vegagerðin fram drög að matsáætlunum sínum vegna fyrirhugaðrar 220kV háspennulínu um Sprengisand og nýs uppbyggðs Sprengisandsvegur. Landvernd, Ferðafélag Íslands, Ferðafélagið Útivist, Ferðaklúbburinn 4x4 og SAMÚT (Samtök útivistarfélaga) sendu sameiginlegar athugasemdir við drögin í nóvember, þar sem samtökin kröfðust þess að hætt yrði við framkvæmdirnar og tillögurnar dregnar til baka.

Hálendi fortíðar?

Ljóst er að framkvæmdir Landsnets og Vegagerðarinnar myndu hafa mikil og óafturkræf áhrif á miðhálendið. Framkvæmdirnar myndu kljúfa víðerni hálendisins, valda umferðargný í stað öræfakyrndar og bjóða upp á hættu á frekari „láglandisvæðingu“ hálendisins með uppbyggingu margskonar innviða og þjónustu á svæðinu. Framkvæmdum myndi fylgja umfangsmikið rask og óásættanleg áhrif á náttúru, landslag og víðerni en einnig skerða möguleika á útivist og ferðaþjónustu á hálendinu. Hálendið, eins og við þekkjum það í dag, myndi því tilheyra fortíðinni.

Áfangasigur: Vegagerðin fellur frá framkvæmdum að sinni

Ljóst er að Sprengisandslína og Sprengisandsvegur eru gríðarlega umdeild á meðal þjóðarinnar, eins og nýleg skoðanakönnun Gallup sýnir. Svo viðamiklar framkvæmdir þurfa því miklu dýpri og ítarlegri umræðu í samfélaginu. Þá skortir einnig umræðu í samfélaginu um fleiri valkosti en byggingu Sprengisandslínu og Sprengisandsvegur. Í apríl 2015 vannst áfangasigur í málinu þegar Vegagerðin ákvað að falla frá gerð umhverfismats Sprengisandsvegur að sinni, enda nýr Sprengisandsvegur ekki einu sinni á samgönguáætlun.

Lágmark að umhverfismeta jarðstreng

Sprengisandslína byggir á kerfisáætlun Landsnets hf. um framkvæmdir í flutningskerfi raforku héraðs sem samþykkt var af stjórn fyrirtækisins í september 2014. Landvernd hefur stefnt Landsneti vegna áætlunarinnar þar sem að ekki var brugðist við meginathugasemdum samtakanna, t.d. hvað varðar grundvallarforsendur kerfisáætlunar og val á milli jarðstrengja og loftlína.

Þá vantar mikilvæg atriði inn í fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum Sprengisandslínu. Landvernd hefur gert þá kröfu að dragi Landsnet ekki til baka matsáætlun sína verði hið minnsta unnið mat á umhverfisáhrifum jarðstrengs yfir alla Sprengisandsleið en ekki eingöngu hluta hennar. Slíkt mat ætti að ná til hvoru tveggja, riðstraumsstrengs (AC) og jafnstraumsstrengs (DC).

Verndum hálendið fyrir komandi kynslóðir

Allir eru sammála um að miðhálendi Íslands býr yfir fágætum verðmætum. Þar er hægt að upplifa lítt snortna og ómanngerða náttúru og njóta einveru og kyrrðar í umhverfi sem náttúran sjálf hefur skapað. Það er hlutverk okkar allra að tryggja þessi grunnigildi hálendisins þannig að við, gestir okkar og komandi kynslóðir fái notið þeirra.

Paradísarmissir verður paradísarheimt

Þann 16. apríl sl. var blásið til hálendishátíðar í Háskólabíói undir yfirskriftinni *Paradísarmissir? Hátíð til verndar hálendi Íslands*. Landvernd og samstarfsaðilar í verkefninu Hjarta landsins, þ.e. Ferðafélag Íslands, Ferðafélagið Útivist, Ferðaklúbburinn 4x4 og Samút, ásamt Náttúruverndarsamtökum Íslands, Framtíðarlandinu og Gætum garðsins, stóðu að hátíðinni með styrk frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar.

Magnþrungnar ræður voru fluttar, tónlistaratriði, viðtalsupptökur við fólk víðsvegar úr þjóðfélaginu og hvatning um að vernda hálendið gegn umfangsmiklum framkvæmdum, virkjunum, háspennulínum og uppbyggðum vegum. Ljóst má vera að hálendið verður varið með kjaftri og klóm með þeirri samstöðu sem bersýnileg var á fundinum.



Um 1300 manns sóttu hátíðina og komust færri að en vildu. Hátíðinni var einnig varpað beint á YouTube-rás Landverndar.

(Frá vinstri) Þorbjörg Sandra Bakke, Tinna Eiríksdóttir og Hrönn Guðmundsdóttir voru á meðal ræðumanna kvöldsins. Einnig komu fram: Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Snorri Baldursson, Steinar Kaldal, Þórarinn Eyfjörð, Einar Örn Benediktsson, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Andri Snær Magnason. Kynnir var Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir.



AmabA damA sló botninn í kvöldið við gríðarlegar undirtektir gesta. Aðrir sem fram komu voru hljómsveitin 1860, Una Stef, Valdimar Guðmundsson, Jónas Sigurðsson, Mammút og Ómar Ragnarsson og KK bandið ásamt Sölku Sól sem hið nýstofnaða hljómeysi Náttúrubörn.



Rekstrarreikningur ársins 2014

Rekstrartekjur:	2014	2013
Árgjöld.....	8.937.990	4.380.581
Almennir styrkir.....	5.973.735	10.432.800
Verkefnatengdar tekjur og styrkir.....	40.172.800	38.675.550
Sérverkefni – tilfallandi.....	558.090	3.873.793
Umsýslu- og aðstöðugjald.....	5.306.188	5.365.185
Aðrar tekjur.....	599.187	277.699
	61.547.990	63.005.608
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	11.476.506	8.225.307
Verkefnatengd gjöld.....	40.628.885	39.088.858
Sérverkefni – tilfallandi.....	500.000	3.408.164
Önnur rekstrargjöld.....	8.580.171	7.392.904
Afskriftir.....	193.185	214.653
Fjármagnstekjuskattur.....	170.414	237.931
	61.549.161	58.567.817
Tekjur (halli) fyrir fjármuna- og fjármagnsliði.....	(1.171)	4.437.791
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Fjármunatekjur.....	1.272.026	1.690.373
Fjármagnsgjöld.....	(3.132)	(7.468)
	1.268.894	1.682.905
Tekjur (halli) ársins.....	1.267.723	6.120.696

Efnahagsreikningur ársins 2014

Eignir:	2014	2013
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II.....	9.804.013	9.997.198
Áhöld.....	185.683	185.683
	9.989.696	10.182.881
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs.....	17.789.901	17.410.234
Fastafjármunir alls.....	27.779.597	27.593.115
Veltufjármunir:		
Birgðir, bækur o.fl.....	680.000	680.000
Ýmsar kröfur.....	6.855.665	2.522.650
Handbært fé.....	39.006.014	30.028.728
Veltufjármunir alls.....	46.541.679	33.231.378
Eignir alls.....	74.321.276	60.824.493
Skuldir og eigið fé:	2014	2013
Eigið fé:		
Eigið fé.....	55.117.232	53.849.509
Skuldir:		
Skammtímaskuldir:		
Skuldbindingar vegna móttækinnna styrkja.....	16.200.000	3.100.000
Ýmsar skammtímaskuldir.....	3.004.044	3.874.984
Skuldir alls.....	19.204.044	6.974.984
Skuldir og eigið fé, alls.....	74.321.276	60.824.493

Stiklur úr starfi Landverndar

Vistvænir viðburðir – Saga Fest

Landvernd vinnur að þróun nýs verkefnis undir heitinu Vistvænir viðburðir. Markmiðið er að þróa umhverfisviðurkenningu að fyrirmynd umhverfisverndarsamtakanna Háll Sverige Rent í Svíþjóð sem skipuleggjendur viðburða geta hlotið eftir að hafa uppfyllt fyrirfram ákveðin viðmið. Landvernd prufukeyrir nú verkefnið með lista- og tónlistahátíðinni Saga Fest, sem haldin verður á bænum Stokkseyrarseli í Árborg um Hvítasunnuhelgina (www.sagafest.is).

Náttúruverndarþing 2014

Fjölmennt Náttúruverndarþing frjálsra félagsamtaka var haldið 10. maí 2014. Fjallað var um verkefni náttúruverndarsamtaka, t.d. Náttúrukortið, Hjarta landsins, Græna kortið hjá Náttúrunni.is og vefritið Grugg. Þá voru pallborðsumræður um aðgerðahyggju og framkomu lögreglu í Gálghaunsmótmælunum.

Níumenningarnir sem ákærðir voru fyrir mótmæli í Gálghauni hlutu Náttúruverndarann, viðurkenningu Náttúruverndarþings. Alls voru 25 manns færðir í fangageymslur fyrir friðsamleg mótmæli í hrauninu, sem efnt var til í von um að vegafarmkvæmdir sem klufu hraunbreiðuna í tvennt yrðu stöðvaðar.

Náttúruverndarþing ályktaði um vernd hálandis Íslands, breytt friðlandsmörk í Þjórsárverum, ágang ferðamanna, olíuborun á Norðurlóðum og hvatti ríkisstjórn Íslands til að hafa forgöngu á alþjóðavettvangi um að draga úr loftslagsbreytingum.



Varðliðar umhverfisins

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfisráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur sem hefur það að meginmarkmiði að kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar í umhverfismálum. Alls bárust níu verkefni í keppnina í ár en verðlaunin voru veitt nemendum í 9. bekk Lágafellsskóla í Mosfellsbæ fyrir umhverfisþemaverkefni sem þau unnu í vetur. Markmið verkefnisins var að hvetja nemendur til umhugsunar um umhverfismál, tengja þau eigin hegðun og opna augu þeirra fyrir því að breytni þeirra skiptir máli. Auk þess að vinna verkefni innan skólans lögðu nemendur metnað í að breyta hegðun sinni heima fyrir. Einnig afhentu þeir bæjarstjóra áskorun með tillögum að úrbótum í umhverfismálum sem var tekin fyrir á fundi umhverfisnefndar Mosfellsbæjar og skilaði sér í vinnu við Staðardagskrá 21.



Varðliðar umhverfisins 2015 ásamt Katrínu Magnúsdóttur hjá Landvernd (lengst til vinstri) og Sigrúnu Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra (til hægri).

Fullorðinsfræðsla í menntun til sjálfbærni

Þrjú starfsmenn Landverndar hafa í vetur sótt námskeið í menntun til sjálfbærni sem fram fór í Osló í Noregi, Samsö í Danmörku, Gautaborg í Svíþjóð og Borgá í Finnlandi. Um er að ræða tilraunaverkefni í menntun til sjálfbærni fyrir fullorðna. Þátttakendur koma frá hinum fimm fullvalda ríkjum Norðurlandanna og fá á námskeiðinu fræðslu um fjölmargt sem tengist sjálfbærni á Norðurlöndum. Þátttakendur vinna verkefni meðan á námskeiðinu stendur og verða þau kynnt þegar hópurinn kemur saman í Finnlandi um miðjan maí n.k. Landvernd er einn skipuleggjandi verkefnisins sem er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Katrín Magnúsdóttir, Rannveig Magnúsdóttir og Caitlin Wilson, starfsmenn Landverndar, ásamt öðrum þátttakendum í fullorðinsfræðslu í Samsö í Danmörku.



LANDVERND
ICELANDIC ENVIRONMENT ASSOCIATION